



Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 6.júní 2024

Staðsetning fundar: HMS, Borgartúni

Dagsetning: fimmtudagur 6. Júní 2024 kl. 15:00

Mætt: Áróra, Íris, Anna Kristín, Sirrý, Alexander, Elín. Fjarverandi: Sunna, Anna Sigríður

Fundarritari: Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Íris Þórarinsdóttir (ÍP), formaður - umhverfisstjóri hjá Reitum – iris@reitir.is
2. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), ritari og varaformaður – EFLA - anh@efla.is
3. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS),gjaldkeri – Reginn – sunna@reginn.is
4. Alexander Helgason (AH), meðstjórnandi– Búseti – alexander@buseti.is
5. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
6. Elín Þórólfsdóttir (WP), meðstjórnandi – HMS – elin.thorolfsdottir@hms.is
7. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com

Áróra Árnadóttir (ÁA) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – arora@graennibyggd.is

Dagskrá fundar:

1. Almenn

Hringvangur:

- vettvangur um hringrásarhagkerfi. Rætt var hvort ætti að leggja í vinnu við að þýða allt efni fréttabréfsins á íslensku.
- Verða send út regluleg fréttabréf Hringvangs, það fyrsta bráðlega.
- Rætt hvort ætti að senda með næsta fréttabréf frá Grænni byggð eða senda út sér. Ákveðið að fyrsta fréttabréf Hringvangs verði á ensku og sent út sér.

Raunverulegir eigendur GB:

- Skráðir voru stjórnarmennirnir Íris, Anna Kristín og Elín Þórólfsdóttir. Verður skráð opinberlega á rsk.is þegar tilkynning um breytingu a stjórn hefur verið afgreidd.

2. Starf vetrarins 2024-2025

Dagur grænni byggðar (DGB)

Staðsetning:

- Iðnó. Send var út könnun á stjórnaraðila og var miðvikudagurinn 25.september valinn af flestum, þar sem 26. september var ekki laus.
- Mikilvægt að velja vel staðsettan sal með góðum almenningssamgöngum. Hins vegar mega morgunfundir og aðrir fundir gjarnan vera í húsakynnum styrktaraðila eða í fyrirtækjum stjórnaraðila.



Dagskrá:

- Kasper Benjamin verður Keynote, kemst ekki til Íslands en er til í að vera í fjarfundabúnaði og vill ekki taka fyrir það.
- Mikilvægt að pása sé 30 mínútur til að umræður skapist á viðburðinum.
- Rætt um ýmsar tillögur að erindum og pallborðsumræðum, hvort ætti að skipta upp í Hönnun/framkvæmd og hafa erindin og umræðurnar í tengslum við erindin.
- Dagskrá verður kláruð í gegnum tölvupósta.

Miðaverð:

- 10 þúsund krónur fyrir þá sem eru ekki aðildarfélagar, aðildarfélagar fá 20% afslátt

Græna skóflan:

- Allir mega tilnefna, tilnefningar mega vera nafnlausar
- Skila þarf góðum frekari gögnum ef mannvirki koma til greina
- tengiliður er verkkaupi
- einn úr stjórn sjái um að kynna verðlaunaafhendingu Grænu skóflunnar

3. Önnur mál

Leit að nýjum starfskrafti í ár frá 01.09 2024-október 2025.

Markaðsmanneskja í 50% starf, ekki hafa komið tillögur að manneskju enn

- GB búi til auglýsingu
- Framkvæmdastjóri tekur viðtöl við umsækjendur ásamt verkefnastjóra, mögulega getur einhver frá stjórn getur verið með
- Stjórn athugi hvort þeir þekki eða viti um mögulega umsækjendur eða áhugasama

Byggjum grænni framtíð (BGF) – könnun og nýjar aðgerðir.

- Verkefnastjórn BGF hefur sent GB könnun um starf verkefnastjórnar og aðgerðir í Vegvísi að vistvænni mannvirkjagerð, sem fyllt var útá fundinum
- Einnig hefur verkefnastjórn óskað eftir upplýsingum um hvort GB ætli sér að setja fram nýjar aðgerðir sem GB mun bera ábyrgð á í BGF aðgerðaráætlun. Stjórn íhugar nýjar aðgerðir og skilar til framkvæmdastjóra fyrir 15. júlí 2024.

Nýir styrkir

- Styrkur fékkst fyrir verkefnið Bauhaus goes north. Styrkt af Interreg Northern Periphery and Arctic, fyrsti fundur er í næstu viku.
- Rætt var um aðrar styrkumsóknir í bígerð
- Kjarnasamfélagið-co-housing (áhugamannafélag), ráðstefna í haust, 10-11. október. GB tekur þátt í að auglýsa ráðstefnuna og býður fram þátttöku í henni.
- Úthlutun í Ask – GB komi með áherslur, verður klárað í gegnum tölvupóst.

Enginn fundur haldinn í júlí, næsti fundur haldinn 7. ágúst, ekki búið að ákveða fundarstað. Fundi slitið 17:00.